



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/887*  
*komudagur 17.2.2006*

15. febrúar 2006.

**Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1984,  
með síðari breytingum; - 376. mál.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Tollstjórnans í Reykjavík um ofangreint frumvarp.

Embættið telur einungis tilefni til athugasemda vegna 5. mgr. 238. gr, eins og lagt er til í frumvarpinu að sú grein verði.

Þar kemur fram að auk lögreglu geti aðrir sem fara með lögregluvald ákveðið að skipstjórnarmenn skuli undirgangast öndunarpróf og töku blóð- og þvagsýna til þess að staðreynt verði hvort þeir hafi gerst brotlegir samkvæmt greininni.

Við umræddar aðstæður myndu tollverðir að óbreyttu jafnan kveðja til lögreglu. Þessar aðgerðir gagnvart skipstjórnarmönnum eru í þágu rannsóknar opinbers máls sem Tollgæslan er ekki bær til að rannsaka. Má telja eðlilegast að ákvörðunarvald um slíkar aðgerðir verði einungis í höndum aðila sem fara með forræði á viðkomandi málum.

Nefna má að lögregla ein hefur umræddar valdheimildir við sömu aðstæður í flugförum, sbr. 4. málslíð 3. mgr. 37. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Virðingarfyllst,

f.h.t.

Hermann Guðmundsson, lögfræðingur  
Lögfræðideild TSR